

Matvælastofnun
Austurvegi 64
800 Selfossi

Akureyri 19. mars 2019
UST201701-039/S.R.B.
08.12.01

Tilkynning um ákvörðun Umhverfisstofnunar um útgáfu á starfsleyfi fyrir sjókvíaeldi Fiskeldis Austfjarða hf. í Fáskrúðsfirði

Umhverfisstofnun vísar til umsóknar Fiskeldis Austfjarða hf. vegna sjókvíaeldis í Fáskrúðsfirði.

Stofnunin hefur nú tekið ákvörðun um útgáfu á starfsleyfi fyrir rekstaraðila til að framleiða allt að 11.000 tonn á ári af laxi.

Starfsleyfið byggist á skilyrðum á grundvelli reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sem sett er með stoð í 5. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, sbr. 1. mgr. 6. gr. laganna.

Ákvörðun Umhverfisstofnunar er kæránleg til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála innan eins mánaðar frá birtingu ákvörðunar Umhverfisstofnunar skv. 1. mgr. 65. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, sbr. 4. gr. laga nr. 130/2011, um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála.

Starfsleyfið öðlast gildi við afhendingu Matvælastofnunar til rekstraraðila og gildir starfsleyfið til 19. mars 2035.

Hjálagt er starfsleyfið ásamt greinargerð vegna útgáfu þess.

Virðingarfyllst


Steinar Rafn Beck Baldursson
sérfræðingur


Hildur Vésteinsdóttir
sviðsstjóri

STARFSLEYFI

Framleiðsla á laxi

Fiskeldi Austfjarða hf.,

Fáskrúðsfjörður

Lögheimili:

Nesbala 122, 170 Seltjarnarnes,

Kt.: 520412-0930

1 ALMENN ÁKVÆÐI

1.1 Rekstraraðili

Starfsleyfi þetta gildir fyrir Fiskeldi Austfjarða hf., kt. 520412-0930, fyrir sjókvíaeldi á 11.000 tonna ársframleiðslu af laxi í Fáskrúðsfirði. Fiskeldi Austfjarða hf. er hér eftir nefndur rekstraraðili.

Komi nýr aðili að rekstrinum getur hann sótt um að starfsleyfið verði fært yfir á sig án þess að gefið verði út nýtt starfsleyfi. Með umsókninni skulu fylgja gögn sem sýna fram á að rekstraraðilinn hafi tekið við rekstrinum.

Rekstraraðili getur falið verktaka að annast verk fyrir sig, enda hafi hann þá gengið úr skugga um að viðkomandi hafi öll tilskilin opinber leyfi. Rekstraraðili ábyrgist þó áfram að ákvæðum starfsleyfisins sé fylgt.

Rekstraraðila ber að uppfylla gildandi lög og reglugerðir á starfssviði sínu og haga starfsemi í samræmi við gildandi skipulagsáætlanir.

1.2 Umfang starfseminnar

Starfsleyfið tekur til framleiðslu á 11.000 tonnum af laxi frjóum eða ófrjóum¹ (að hámarki 6.000 tonn af frjóum laxi). Hámark lífmassa á hverjum tíma er 11.000 tonn í Fáskrúðsfirði. Um er að ræða eldi í sjókvíum og skal það vera staðsett innan þess svæðis sem tilgreint er í viðauka 1 og 2. Starfsleyfið nær til þriggja

¹ Eldi ófrjórna laxa (geldstofn) er bundið því skilyrði að aðferðir, sem notaðar eru til að hindra að eldisfiskur framleiði frjóar kynfrumur, uppfylli ákvæði laga nr. 55/2013 og reglugerðar nr. 300/2018 um velferð lagadýra, varnir gegn sjúkdómum og heilbrigðiseftirlit með eldisstöðvum.

staðsetninga í Fáskrúðsfirði á sjókvíaldissvæði sem samanstendur af eldissvæðunum Höfðahúsbót, Eyri/Fögrueyri og Æðaskeri.

Eldið er að jafnaði á tveimur eldissvæðum í senn, einn árgangur sem alinn er í 18-24 mánuði. Að loknu því tímabili er sjókvíaldissvæðið hvílt í 9-12 mánuði milli eldislota.

Tilkynna þarf Umhverfisstofnun hvenær seiði verði sett út, með a.m.k. tveggja vikna fyrirvara.

Bendi niðurstöður umhverfisvöktunar til þess að uppsöfnun næringarefna eigi sér stað eða að aðrar óhagstæðar aðstæður í umhverfinu eða náttúrunni að mati Umhverfisstofnunar, sbr. gr. 5.1, getur stofnunin einhliða frestað því að sett verði út seiði í viðkomandi fjörð.

1.3 Eftirlit

Umhverfisstofnun hefur eftirlit með starfsemi rekstraraðila í samræmi við ákvæði X. kafla reglugerðar nr. 550/2018, um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit.

Eftirlit felst m.a. í reglubundinni skoðun á vettvangi, móttöku athugasemda, fyrirspurna og yfirferð gagna sem rekstraraðila ber að skila. Viðbótareftirlit getur m.a. farið fram vegna nýs búnaðar, vegna kvartana eða sérstakra úttekta vegna áætlana sem rekstraraðili hefur gert um úrbætur.

1.4 Breytingar á rekstri

Rekstraraðili skal veita útgefanda starfsleyfis upplýsingar um fyrirhugaðar breytingar á rekstri með góðum fyrirvara áður en ráðist verður í þær, sbr. 1. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 550/2018. Á grundvelli þeirra metur stofnunin hvort nauðsynlegt sé að gefa út nýtt starfsleyfi sbr. 2. mgr. 13. gr. reglugerðarinnar.

1.5 Gangsetning og stöðvun rekstrar (lokun)

Verði rekstri hætt, tímabundið eða varanlega, eða reksturinn stöðvast óvænt skal vera áætlun til staðar til þess að úrgangi, efnun, búnaði og rekstrarsvæði verði ráðstafað á viðurkenndan hátt. Fjalla skal þar annars vegar um tímabundna rekstrarstöðvun og hins vegar um varanlega rekstrarstöðvun. Í áætluninni skal gengið út frá því að lágmarka möguleg mengunaráhrif. Eftirlitsaðila er heimilt að krefja rekstraraðila um að tímasetja áætlun um frágang ef hann telur þörf á.

Útbúa skal og vinna eftir neyðaráætlun sem skal vera tiltæk ef kemur til óvæntrar stöðvunar á rekstri eldisstöðvarinnar. Neyðaráætlunin skal innihalda tillögur um meðferð og förgun eldisfisksins þann tíma sem eldisstöðin er ekki í rekstri.

Tilkynna skal eftirlitsaðila án tafar um stöðvun rekstar og ráðstafanir þar að lútandi þannig að taka megí út frágang. Tilkynna skal eftirlitsaðila um gangsetningu ef rekstur hefur legið niðri.

1.6 Endurskoðun starfsleyfis

Endurskoða skal starfsleyfið reglulega, sbr. 15. gr. laga nr. 7/1998 og 14. gr. reglugerðar nr. 550/2018.

Einnig er skylt að endurskoða starfsleyfið ef forsendur rekstrarins breytast með eftirfarandi hætti, sbr. 14. gr. reglugerðar nr. 550/2018:

- Ef rekstraraðili breytir rekstrinum með þeim hætti að tilkynningaskyld er sbr. gr. 1.4.
- Þegar mengun af völdum stöðvar er slík að nauðsynlegt reynist að endurskoða gildandi viðmiðunarmörk fyrir losun sem tilgreind eru í starfsleyfi eða láta ný viðmiðunarmörk koma fram í leyfinu,
- Þegar nota þarf aðra tækni vegna rekstraröryggis,
- Þegar nauðsynlegt er að fara að nýjum eða endurskoðuðum umhverfisgæðastöðlum í samræmi við 11. gr. reglugerðar nr. 550/2018.

- Ef breytingar verða á bestu aðgengilegu tækni sem gera það kleift að draga umtalsvert úr losun mengunarefna. Ef breytingar verða á viðmiði um bestu aðgengilegu tækni (BAT) skal rekstraraðili senda útgefanda starfsleyfis, skv. beiðni útgefandans, tímasetta áætlun sem fjallar um með hvaða hætti hann hyggist taka upp hina nýju tækni en rökstyðji annars að honum sé það ekki mögulegt.
- Ef breytingar verða á lögum eða reglum um mengunarvarnir eða annað sem snertir reksturinn.
- Ef burðarþolsmat svæðisins er metið of lítið fyrir rekstur stöðvarinnar.
- Ef vöktun leiðir í ljós að umhverfismarkmið sem sett hafa verið fyrir umrætt vatnshlot á grundvelli laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála, nást ekki. Endurskoðun skal tryggja að umhverfismarkmiðum verði náð.
- Ef breytingar verða á áhættumati Hafrannsóknastofnunar vegna erfðablöndunar.

Rekstraraðila er þó ætíð skylt að fara að gildandi lögum og reglugerðum, sbr. gr. 1.1, jafnvel þótt starfsleyfi hafi ekki verið endurskoðað.

1.7 Valdsvið og þvingunarúrræði

Fylgi rekstraraðili ekki ákvæðum starfsleyfis, laga og reglugerða á starfssviði sínu, eða fyrirmælum eftirlitsaðila um úrbætur, getur eftirlitsaðili beitt ákvæðum XVII. kafla laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, til að knýja fram úrbætur.

Eftirlitsaðila er þannig m.a. heimilt að veita tilhlýðilega fresti til úrbóta og veita áminningu, sbr. 1. og 2. tl. 1. mgr. 60. greinar laganna.

Sinni rekstraraðili ekki fyrirmælum um úrbætur innan tiltekins frests er eftirlitsaðila heimilt, sbr. 1. mgr. 61. greinar laganna, að ákveða rekstraraðila dagsektir eða að láta vinna verk á kostnað rekstraraðila.

Jafnframt er eftirlitsaðila heimilt, sbr. 3. tl. 1. mgr. 60. greinar laganna, ef um alvarleg tilvik eða ítrekuð brot er að ræða, eða sinni rekstraraðili ekki fyrirmælum um úrbætur innan tiltekins frests, að stöðva eða takmarka starfsemi rekstraraðila, eða að afturkalla starfsleyfið.

Telji Umhverfisstofnun að um alvarlega hættu sé að ræða, og að aðgerðir þoli enga bið, er stofnuninni heimilt að stöðva rekstur til bráðabirgða þegar í stað og tilkynna það heilbrigðisnefnd sbr. 63. grein laganna.

1.8 Upplýsingaréttur almennings

Almenningur á rétt á aðgengi að upplýsingum um starfsleyfi, starfsleyfisumsókn og mengunareftirlit í samræmi við ákvæði í kafla VI. í viðauka reglugerðar nr. 550/2018.

Umhverfisstofnun birtir eftirlitsniðurstöður samkvæmt grein 1.3. og 1.7 opinberlega. Birtingin er á vefsíðu stofnunarinnar eða með öðrum aðgengilegum hætti. Að öðru leyti vísast til upplýsingastefnu stofnunarinnar.

1.9 Umhverfisábyrgð

Rekstraraðili ber ábyrgð á umhverfistjóni eða yfirvofandi hættu á slíku tjóni af völdum atvinnustarfsemi sbr. lög nr. 55/2012, um umhverfisábyrgð, og skal koma í veg fyrir tjón eða bæta úr tjóni ef það hefur orðið og bera kostnað af ráðstöfunum sem af því leiðir skv. lögum.

2 STARFSHÆTTIR

2.1 Starfshættir

Rekstraraðili skal beita góðum starfsreglum við rekstur stöðvarinnar. Í því felast aðgerðir til að draga úr umhverfisáhrifum eldisins, m.a. með góðum starfsaðferðum við fóðrun og notkun efna og lyfja, með því að tryggja gott heilbrigðisástand eldisstofnsins, svo og að draga úr losun efna út í umhverfið. Gerðar skulu nauðsynlegar ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir mengunaróhöpp og draga úr afleiðingum þeirra. Rekstraraðili skal setja sér umhverfismarkmið og starfa samkvæmt þeim. Umhverfismarkmiðin skulu liggja fyrir 1. maí 2019 og endurskoðuð á a.m.k. fjögurra ára fresti. Ef umhverfismarkmið eru hluti af umhverfisstjórnunarkerfi rekstraraðila er fullnægjandi að vísa til þeirra.

2.2 Samskipti og samráð

Sérstakur fulltrúi rekstraraðila skal vera tengiliður við eftirlitsaðila og ber hann ábyrgð á samskiptum rekstraraðila vegna eftirlits með mengunarvörnum fyrirtækisins og framkvæmd viðbragðsáætlana. Eftirlitsaðili getur haft samband við þennan aðila utan hefðbundins starfstíma ef þörf krefur.

2.3 Verkstjórn og takmörkun aðgangs

Tryggja skal að starfsfólk hafi fullnægjandi þekkingu á eitrunarhættu og eiginleikum þeirra efna sem það gæti komist í tæri við og skulu upplýsingar þar að lútandi ávallt vera tiltækar á vinnustað. Rekstraraðila er skylt að ganga þannig frá olúbirgðum, olíuúrgangi, eiturefnum og hættulegum efnum að ekki sé hætt á að þessi efni berist út í umhverfið, í sjó, í yfirborðsvatn eða í grunnvatn.

Rekstraraðili skal halda rekstrarsvæði sínu snyrtilegu. Eftirlitsaðili getur krafist lagfæringa og viðgerða á eldiskvíum, lóð, girðingu eða öðrum mannvirkjum ef nauðsynlegt þykir til þrifnaðar eða ef ástand þeirra er til lýta fyrir umhverfið.

2.4 Umhverfisstjórnunarkerfi

Rekstraraðili getur valið að vinna eftir umhverfisstjórnunarkerfi, kjósi hann það. Velja má staðlað umhverfisstjórnunarkerfi, t.d. ISO 14001, eða þátttöku í umhverfisstjórnunarkerfi ESB, sbr. reglugerð nr. 344/2013 um frjálsa þátttöku fyrirtækja og stofnana í umhverfisstjórnunarkerfi Evrópusambandsins (EMAS).

2.5 Áhættumat og viðbragðsáætlun vegna hættu á mengun hafs og stranda

Rekstraraðili skal vera með viðbragðsáætlun sem unnin er á grundvelli áhættumats sem að lágmarki felur í sér skilyrði í viðauka I.b. í lögum nr. 33/2004, um varnir gegn mengun hafs og stranda. Viðbragðsáætlun skal vera tiltæk starfsmönnum á vinnustað og aðgengileg eftirlitsaðila.

2.6 Viðbrögð við mengunaróhöppum

Verði óhapp sem getur haft í för með sér losun mengandi efna út í umhverfið skal þegar í stað grípa til aðgerða til að koma í veg fyrir útbreiðslu mengunarefna og til að fyrirbyggja að mengun valdi skaða á umhverfinu. Eftir því sem við á skal fylgja viðbragðsáætlun, sbr. gr. 2.5. Rekstraraðila ber að hreinsa þá mengun sem kann að verða við óhöpp eða önnur atvik, á sinn kostnað.

Rekstraraðili skal fara yfir öll óhöpp og gera ráðstafanir sem miða að því að hindra að sambærileg atvik endurtaki sig. Eftirlitsaðili skal upplýstur um slíkar ráðstafanir.

2.7 Tilkynningar vegna mengunaróhappa

Ef óhapp verður sem þarfnast tafarlausra aðgerða skal hafa samband við 112.

Tilkynna skal eftirlitsaðila um mengunaróhapp eins fljótt og mögulegt er. Greina skal eftirlitsaðila frá því ef hættu er talin á neikvæðum afleiðingum fyrir umhverfið.

Eftirlitsaðila er heimilt, ef þörf er á, að óska eftir upplýsingum um önnur sérstök atvik í rekstri sem geta haft í för með sér aukna mengun. Einnig skal rekstraraðili fara yfir atvikið og gera ráðstafanir sem miði að því að hindra að sambærilegt atvik endurtaki sig. Eftirlitsaðili skal upplýstur um slíkar ráðstafanir.

2.8 Trygging vegna bráðamengunar

Rekstraraðili skal taka ábyrgðartryggingu eða leggja fram aðra fullnægjandi tryggingu sem Umhverfisstofnun metur gilda, sem jafngildir allt að 1 milljón SDR, sbr. ákvæði 16. greinar laga nr. 33/2004. Rekstraraðili skal senda Umhverfisstofnun staðfestingu á tryggingunni þegar þess er óskað.

2.9 Breytingar á mælingum

Eftirlitsaðili getur, telji hann ástæðu til, farið fram á tíðari mengunarmælingar eða efnagreiningar en starfsleyfið gerir ráð fyrir eða heimilað að dregið verði úr tíðni mælinga eftir því sem við á.

Ákvörðun um að draga úr tíðni mælinga skal þó ekki tekin nema eitthvert eftirfarandi skilyrði sé fyrir hendi:

- Mælingar hafi sýnt með sannfærandi hætti að mengunarpáttur er óverulegur.
- Mælingum hafi áður verið fjölgað umfram þær sem starfsleyfið tilgreinir.
- Sýnt hafi verið fram á að nota megji aðrar aðferðir en mælingar við að meta mengunina.

3 VARNIR GEGN MENGUN YTRA UMHVERFIS

3.1 Mengunarvarnir

Rekstraraðila ber að uppfylla gildandi lög og reglugerðir á starfssviði sínu. Rekstraraðili skal nota bestu aðgengilegu tækni (BAT) sem skilgreind hefur verið við mengunarvarnir og nýta vel orku og vatn. Þegar aðferðum er beitt við mengunarvarnir sem valda því að mengun færist á milli andrúmslofts, vatns og jarðvegs skal lágmarka neikvæð áhrif á umhverfið (sambættar mengunarvarnir). Besta aðgengilega tækni hefur verið skilgreind í „Bat for fiskeopdræt i Norden“, ©Nordisk Ministerråd, TemaNord 2013:529.

Verði breytingar á bestu aðgengilegu tækni skulu þær taka gildi og innleiddar samkvæmt ákvæðum í grein 1.6.

3.2 Fóðurgjöf og val á fóðri

Fóðurgjöf og vali á fóðri skal stýrt þannig að myndun úrgangs sé í lágmarki, t.d. með fóðrunarkerfi sem tekur tillit til vaxtarlíkana.

3.3 Eldisvatn

Rekstraraðili skal sjá til þess að eldisvatnið uppfylli kröfur um gæði vatns.

3.4 Efnalosun

Losun fosfórs í viðtaka má ekki fara fram úr 9,0 kg /tonn af framleiddum fiski. Rekstraraðila er ekki heimil önnur losun á þeim efnum sem talin eru upp í listum I og II í viðauka reglugerðar nr. 796/1999, um varnir gegn mengun vatns.

3.5 Eldiskvjar og ráðstafanir vegna uppsöfnunar fóðurleifa

Til að hindra að uppsöfnun fóðurleifa hafi áhrif á heilbrigði eldisstofnsins og gæði umhverfis er rekstraraðila heimilt að flytja eldiskvíarnar til á svæðinu. Sama á við ef þörf krefur vegna hvers kyns yfirvofandi hættu fyrir búnað eða eldisfisk. Tilkynna skal eftirlitsaðila þegar kvíarnar eru fluttar til á eldissvæðinu. Halda skal starfsemi í hæfilegri fjarlægð frá annarri mengandi starfsemi og á milli kvía, þannig að mengunaráhrif, svo sem næringarefni, úrgangur eða súrefnisþurrð, valdi ekki skaða í öðrum atvinnurekstri, t.d. öðru sjávareldi. Nota skal traustar og góðar botnfestingar en þó skal forðast að raska botni eftir því sem kostur er.

Rekstraraðili skal nota upplýsingar sem fást með umhverfisvöktun, sbr. 5. kafla, til hliðsjónar við framkvæmd á flutningi eldiskvía. Þéttleiki lífmassa í kví skal ekki vera meiri en 25 kg/m³

3.6 Lífríki og flokkun vatns

Rekstraraðila ber að sjá til þess að vatnsgæðum í viðtaka hraki ekki vegna fiskeldis. Fiskeldi má ekki valda breytingu á lífríki og ástandi eldissvæðanna í firðinum um líffræðilega og eðlisefnafræðilega gæðapætti samkvæmt reglugerð nr. 535/2011 um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun, sbr. þó grein 3.8. Útgefanda starfsleyfis er heimilt að endurskoða það, sbr. grein 1.6 ef ástandi vatns fer hrakandi vegna rekstrarins og hætta er á að það falli niður um flokk eða hafi fallið niður um flokk samkvæmt 9. og 10. grein reglugerðar nr. 796/1999, um varnir gegn mengun vatns.

3.7 Frárennsli frá starfsmannaaðstöðu

Frárennsli frá starfsmannaaðstöðu skal uppfylla kröfur í reglugerð nr. 798/1999, um fráveitur og skólþ.

3.8 Meindýravarnir

Verði vart við meindýr skal sjá til þess að þau hafist ekki við eða taki sér bólfestu á athafnasvæðum rekstraraðila. Rekstraraðili skal hindra aðgang villtra fugla og spendýra sem sækja að kvíum.

3.9 Meðhöndlun úrgangs og spilliefna

Ekki er heimilt að farga neins konar úrgangi um niðurföll. Varp efna og hluta í hafið er óheimilt nema með sérstöku leyfi Umhverfisstofnunar sbr. 9. gr. laga nr. 33/2004, um varnir gegn mengun hafs og stranda. Draga skal skipulega úr myndun úrgangs. Ef endurnotkunar- og endurnýtingarmöguleikar eru fyrir hendi skal koma úrgangi í slíka vinnslu ef kostur er. Að öðrum kosti skal lífniðurbrjótanlegur úrgangur fluttur til viðurkenndrar meðhöndlunar. Ganga skal frá honum í þétt lokuð ílát eða gáma sem losaðir eru eftir þörfum. Þrífa skal ílátin/gámana eftir notkun. Spilliefnum og lyfjaafgöngum skal komið til viðurkenndrar spilliefnamóttöku.

3.10 Umgengni um mengandi efni

Rekstraraðila er skylt að ganga þannig frá olíubirgðum, olíuúrgangi, eiturefnum og hættulegum efnum að ekki sé hætta á að þessi efni berist út í umhverfið, í sjó, í yfirborðsvatn eða í grunnvatn. Fylgja skal ákvæðum reglugerðar nr. 884/2017, um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi. Á öllu athafnasvæði stöðvarinnar skal gæta fyllsta hreinlætis í samræmi við kröfur eftirlitsaðila.

3.11 Dauður fiskur

Rekstraraðili skal hafa útbúnað sem fangar dauðan fisk úr kvíunum. Um meðhöndlun fisksins gilda ákvæði greinar 3.9 um lífniðurbrjótanlegan úrgang.

3.12 Efnanotkun, öryggisblöð og skiptireglan

Rekstraraðili skal vinna samkvæmt efnalögum nr. 61/2013 og reglugerð nr. 888/2015 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH), sem og öðrum reglugerðum sem gilda um efni og efnablöndur. Við alla efnameðferð skal gæta þess að öryggisblöð séu aðgengileg og uppfærð. Sé þess kostur skal skipta út efnum og efnablöndum sem geta haft í för með sér óæskileg áhrif á heilsu manna eða skaðað umhverfið fyrir efni sem eru minna skaðleg. Við geymslu og meðhöndlun efna skal takmarka aðgengi og mengunarhættu eins og kostur er. Við mengunaróhöpp skal fylgja viðbragðsáætlun skv. grein 2.6 og 2.7.

Rekstraraðila er skylt að ganga þannig frá mengandi efnum að ekki sé hættu sé á að þessi efni berist út í umhverfið, í sjó, í yfirborðsvatn eða í grunnvatn.

4 INNRA EFTIRLIT

4.1 Skráningar

Rekstraraðili skal hafa reglulegt eftirlit með umhverfis- og rekstrarþáttum sem geta haft áhrif á mengun eða losun efna út í umhverfið. Skrá skal upplýsingar um eftirfarandi atriði og skulu skráningar vera aðgengilegar eftirlitsaðila:

- framleiðslumagn og afföll,
- fóðurnotkun, fóðurnýtingu og fóðurgerð,
- magn og gerð hreinsi- og sóttthreinsiefna
- kvartanir vegna starfseminnar,
- bilanir og óhöpp sem valdið gætu mengun,
- allan úrgang sem verður til í framleiðslunni,
- þjálfun og reynslu starfsfólks sbr. gr. 2.3,
- staðsetningu og framleiðslumagn á hverjum stað,
- niðurstöður mælinga,
- losun næringarefna,
- lyfjagjöf m.a. vegna laxalúsar (umfang og áætluð áhrif),
- útsetningu seiða (magn og dagsetning).

4.2 Skýrslur til eftirlitsaðila

Rekstraraðili skal taka saman ársyfirlit og senda til eftirlitsaðila fyrir 1. maí ár hvert. Í yfirlitinu skulu koma fram niðurstöður mælinga og skráninga, sbr. kröfur í 3. 4. og 5. kafla. Þá skulu koma fram þær upplýsingar sem liggja fyrir um flokkun vatns, sbr. ákvæði greinar 3.6.

4.3 Grænt bókhald og útstreymisbókhald

Rekstraraðili skal færa grænt bókhald í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 851/2002, um grænt bókhald. Rekstraraðili skal færa útstreymisbókhald í samræmi við reglugerð nr. 990/2008, um útstreymisbókhald. Skila skal niðurstöðum árlega í samræmi við ákvæði viðeigandi reglugerða. Heimilt er að skila skýrslunum sameiginlega auk ársyfirlits sbr. gr. 4.2. Skilafrestir framlengjast þó ekki við það.

5 UMHVERFISVÖKTUN

5.1 Vöktunaráætlun

Rekstraraðili skal vakta helstu umhverfisþætti í nágrenni kvíanna í samræmi við umfang losunar fyrirtækisins í þeim tilgangi að meta það álag á umhverfið sem starfsemin veldur. Slíkar mælingar skulu vera samkvæmt staðlinum ISO 12878 og ISO 19493² og samþykktum líffræðilegum og eðlisefnafræðilegum gæðapáttum³ og gerðar samkvæmt áætlun sem rekstraraðili leggur fram og Umhverfisstofnun samþykkir. Áætlunin skal vera til afmarkaðs tíma hverju sinni. Vakta skal dreifingu á losun mengunarefna til viðtaka og vistfræðilegar afleiðingar hennar, svo sem varðandi kalkþörungum og fuglalíf. Meta skal umhverfisástand sjávarbotns, t.d. með myndatökum af botnunum. Taka skal mið af leiðbeiningum Umhverfisstofnunar, „Upplýsingar um vöktunaráætlanir fiskeldisstöðva“ og útfæra áætlunina í samræmi við staðbundnar aðstæður. Endurskoða skal vöktunaráætlun óski Umhverfisstofnunar eftir því, t.d. ef hætt er að vinna eftir umhverfivottunum eða umhverfisstjórnunarkerfi.

5.2 Kostnaður

Rekstraraðili skal greiða allan kostnað við rannsóknir á mengun í nágrenni kvíanna samkvæmt 5.1 eða sinn hluta af kostnaðinum ef önnur fyrirtæki á svæðinu valda samskonar mengun. Mælingar skulu vera í höndum rekstraraðila eða aðila sem rekstraraðili tilnefnir og Umhverfisstofnun samþykkir.

6 FLOKKUN STARFSEMI OG GJALDSKYLDA

Starfsemin þessi er flokkuð í lögum nr. 7/1998 í viðauka II, starfsemi B, lið 2. Starfsemin er flokkuð í reglugerð nr. 550/2018 í viðauka IX, lið 2. Rekstraraðili greiðir Umhverfisstofnun gjald vegna útgáfu og kynningar starfsleyfisins og greiðir eftirlitsaðila gjald vegna eftirlits skv. gjaldskrá Umhverfisstofnunar.

Starfsemin skal flokkuð í gjaldflokk skv. áhættumati eftirlits sbr. 57. gr. rg. nr. 550/2018. Gjald vegna viðbótareftirlits, svo sem vegna vanefnda, frávika eða kvartana, greiðist sérstaklega samkvæmt gjaldskrá.

² Notast við ISO 19493 við mat á eldissvæði við Æðasker þar sem um er að ræða annars konar botn en á hinum svæðunum.

³ Samkvæmt lögum 36/2011 um stjórn vatnamála

7 GILDISTAKA

Starfsleyfi þetta, sem er veitt samkvæmt reglugerð nr. 550/2018, um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, sbr. lög nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir öðlast gildi við afhendingu Matvælastofnunar til rekstraraðila og gildir til 19. mars 2035.

Með gildistöku þessa starfsleyfis fellur úr gildi eldra starfsleyfi Fiskeldis Austfjarða hf. í Fáskrúðsfirði frá 22. júní 2018, fyrir framleiðslu á allt að 3.000 tonnum af regnbogasilungi á ári.

Greinargerð fylgir starfsleyfinu í fylgiskjali I þar sem farið er yfir málsmeðferðina, tekin afstaða til niðurstöðu mats á umhverfisáhrifum og gerð grein fyrir afstöðu útgefanda starfsleyfis til athugasemda sem bárust.

Ákvörðun Umhverfisstofnunar um útgáfu starfsleyfis er kæránleg til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála innan eins mánaðar frá birtingu ákvörðunar Umhverfisstofnunar skv. 1. mgr. 65. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, sbr. 4. gr. laga nr. 130/2011, um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála.

Reykjavík 19. mars 2019

Umhverfisstofnun



Kristín Linda Árnadóttir


forstjóri



Hildur Vésteinsdóttir

sviðstjóri

Viðauki 1



Á kortinu má sjá staðsetningar sjókvíaeldis í starfsleyfi Fiskeldis Austfjarða. Svæði B (svartur kassi) undir kvíarnar sjálfar og tengdan búnað en að botnfestingar liggja inn á svæði A (rauðir kassar). Hér að neðan má sjá hnit fyrir sjókvíaelði í starfsleyfinu.

Viðauki 2

Fjörður	Svæði	Norðurhnit	Vesturhnit	Norðurhnit	Vesturhnit
		Valkostur A		Valkostur B	
Fáskrúðsfjörður	Eyri/Fagraeyri	64°54.631	13°56.103	64°54.554	13°56.138
Fáskrúðsfjörður	Eyri/Fagraeyri	64°54.466	13°54.032	64°54.391	13°54.055
Fáskrúðsfjörður	Eyri/Fagraeyri	64°54.278	13°54.092	64°54.278	13°54.092
Fáskrúðsfjörður	Eyri/Fagraeyri	64°54.442	13°56.203	64°54.442	13°56.203
Fáskrúðsfjörður	Höfðahúsabót	64°55.140	13°51.550	64°55.140	13°51.550
Fáskrúðsfjörður	Höfðahúsabót	64°54.820	13°50.100	64°54.820	13°50.100
Fáskrúðsfjörður	Höfðahúsabót	64°54.801	13°52.106	64°54.801	13°52.106
Fáskrúðsfjörður	Höfðahúsabót	64°54.480	13°50.712	64°54.576	13°50.553
Fáskrúðsfjörður	Æðasker	65°54.170	13°44.850		
Fáskrúðsfjörður	Æðasker	64°54.070	13°43.400		
Fáskrúðsfjörður	Æðasker	64°53.628	13°45.095		
Fáskrúðsfjörður	Æðasker	64°53.486	13°43.486		

Hnit eldis í Fáskrúðsfirði.

Viðauki 3

Yfirlit yfir skiladaga:

Í eftirfarandi ákvæðum starfsleyfisins eru ákveðnir skiladagar tilgreindir:

- Tilkynna þarf Umhverfisstofnun hvenær seiði verði sett út, með a.m.k. tveggja vikna fyrirvara sbr. gr. 1.2.
- Í grein 2.1 er ákvæði um að leggja skuli fram umhverfismarkmið fyrir 1. maí 2019 þau endurskoðuð a.m.k. á fjögurra ára fresti.
- Í grein 4.2 er kveðið á um að skila eigi ársyfirliti fyrir 1. maí ár hvert.
- Í grein 4.3 er ákvæði um að skiladagar fyrir grænt bókhald og útstreymisbókhald séu samkvæmt ákvæðum viðeigandi reglugerða.

Sé misræmi á milli þessa viðauka og megintexta starfsleyfisins gildir megintextinn.

Fylgiskjal I

Greinargerð vegna vinnslu starfsleyfis fyrir Fiskeldi Austfjarða í Fáskrúðsfirði

1. Almennt

Fiskeldi Austfjarða hf. (kt. 520412-0930), Nesbala 122, 170 Seltjarnarnesi hefur verið með starfsleyfi til framleiðslu árlega á 3.000 tonnum af regnbogasilungi í sjókvíaeldi í Fáskrúðsfirði. Fyrirtækið sótti um nýtt starfsleyfi sem fól í sér aukningu á framleiðslu og tegundarbreytingu þann 5. janúar 2017. Á þeim tíma er sótt var um starfsleyfi lá ekki fyrir álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum. Skipulagsstofnun birti álit um mat á umhverfisáhrifum vegna áforma Fiskeldis Austfjarða hf. í Berufirði og Fáskrúðsfirði þann 14. júní 2018.

Umhverfisstofnun vann tillögu að starfsleyfi sem var auglýst opinberlega frá 14. desember 2018 til og með 18. janúar 2019 og var frestur til athugasemda á sama tímabili. Gögn er varða mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar voru birt með auglýsingu starfsleyfistillögunnar. Starfsleyfistillaga var send á helstu hagsmunaaðila og einnig send viðkomandi heilbrigðisnefnd og sveitarfélaginu Fjarðabyggð.

Unnið var í samráði við Matvælastofnun að samræmingu vegna leyfisveitinga starfsleyfis og rekstrarleyfis og einnig fundað með rekstraraðila.

Með gildistöku þessa starfsleyfis fellur úr gildi eldra starfsleyfi Fiskeldis Austfjarða hf. í Fáskrúðsfirði frá 22. júní 2018, fyrir framleiðslu á allt að 3.000 tonnum af regnbogasilungi á ári.

2. Afstaða til mats á umhverfisáhrifum

Umhverfisstofnun hefur unnið starfsleyfi þar sem mat á umhverfisáhrifum hefur verið lagt til grundvallar leyfisveitingu. Samkvæmt 2. mgr. 13. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum skal leyfisveitandi, við útgáfu leyfis til framkvæmdar, kynna sér matsskýrslu framkvæmdaraðila um framkvæmdina og taka rökstudda afstöðu til álits Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum hennar. Umhverfisstofnun hefur yfirfarið ítarlega matsskýrslu framkvæmdaraðila og álit Skipulagsstofnunar m.t.t. þess hvort umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar hafi verið lýst með fullnægjandi hætti og hvort gerðar hafi verið viðeigandi ráðstafanir til að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum. Þá hefur stofnunin einnig óskað eftir viðbótarupplýsingum um umhverfismatið og telur að matsferlið í heild sé traustur grundvöllur ákvörðunar um útgáfu starfsleyfis.

Skipulagsstofnun birti álit um mat á umhverfisáhrifum vegna áforma Fiskeldis Austfjarða hf. í Berufirði og Fáskrúðsfirði þann 14. júní 2018. Var það mat stofnunarinnar að helstu neikvæðu áhrif fyrirhugaðs laxeldis myndu felast í áhrifum á ástandi sjávar, botndýralíf, aukinni hættu á að fisksjúkdómar og laxalús berist í villta laxfiska og áhrifum á villta laxastofna vegna erfðablöndunar. Þá telur Skipulagsstofnun að fyrirhugað eldi Fiskeldis Austfjarða hf. komi til með að hafa neikvæð samlegðaráhrif með fyrirhuguðu eldi Laxa fiskeldis ehf. í Fáskrúðsfirði á þá þætti sem nefndir voru hér á undan.

Umhverfisstofnun hefur farið yfir tillögu að matsáætlun framkvæmdaraðila og matsskýrslu framkvæmdarinnar og m.a. veitt umsagnir til Skipulagsstofnunar í matsferlinu. Umhverfisstofnun gerði þar athugasemdir við sameiginlegt umhverfismat fjarðanna og grunnmælingar á umhverfisþáttum eldissvæða. Telur stofnunin að brugðist hafi verið við athugasemdum með viðunandi hætti og tekið á þeim í ákvæðum starfsleyfis. Þá hefur stofnunin tekið á móti og farið yfir umsókn um starfsleyfi og þau gögn sem málið varðar ásamt því að kynna sér ítarlega matsskýrslu framkvæmdaraðila og niðurstöðu álits Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum.

Í úrskurðum úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála í málum nr. 4/2018 og 6/2018 kemur fram að skyldur leyfisveitenda vegna matsskyldra framkvæmda væru að gæta að því að lögbundið álit Skipulagsstofnunar sé nægilega traustur grundvöllur leyfisveitingar, auk þess að taka rökstudda afstöðu til álits Skipulagsstofnunar eins og segir í 2. mgr. 13. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum. Umhverfisstofnun fór því yfir álit Skipulagsstofnunar með þeim hætti. Taldi Umhverfisstofnun að í matsskýrslu framkvæmdaraðila og í álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum þyrfti að fjalla með ítarlegri hætti um valkosti við framkvæmdina, einkum er varðar núllkost, lokaðar kvíar, landeldi og geldfisk. Kallaði stofnunin því eftir því að Fiskeldi Austfjarða hf. gerði betur grein fyrir valkostum heldur en þeim sem lýst hafði verið í matsskýrslu og í niðurstöðu Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum.

Afstaða Umhverfisstofnunar um tiltekna þætti í umhverfismati er eftirfarandi:

Tilhögun eldisins

Fiskeldi Austfjarða hf. lagði fram í matsskýrslu sinni um eldi í Fáskrúðsfirði tillögu um hámarksársframleiðslu upp á 11.000 tonn af laxi en ekki var gerður greinarmunur í eldisáætlunum hvort um væri að ræða frjóan eða ófrjóan lax. Hafrannsóknastofnun hefur gefið út burðarþolsmat fyrir Fáskrúðsfjörð sem er 15.000 tonna eldi og 20.000 tonna eldi í Reyðarfirði (hvað varðar ársframleiðslu og lífmassa). Að auki hefur Hafrannsóknastofnun í júlí 2017 gefið út áhættumat erfðablöndunar fyrir frjóan eldislax sem er 15.000 tonna framleiðsla sameiginlega fyrir Fáskrúðsfjörð og Reyðarfjörð. Það áhættumat kemur á sama tíma og laxeldisfyrirtæki eru að vinna að umhverfismati og umsóknum um starfsleyfi og rekstrarleyfi.

Matvælastofnun hefur ákveðið að miða áhættumat erfðablöndunar fyrir frjóan eldislax í sömu hlutföllum milli Fáskrúðsfjarðar og Reyðarfjarðar og burðarþolsmat Hafrannsóknastofnunar byggist á. Þar sem áhættumatið varðar erfðablöndun og heyrir undir rekstrarleyfi og þar sem stofnanirnar sem leyfisveitendur samræma leyfi sín eins og hægt er, fylgir Umhverfisstofnun þeirri skiptingu, sem þýðir að starfsleyfi í Fáskrúðsfirði fyrir framleiðslu á frjóum eldislaxi nemur 6.000 tonnum á ári. Þá verða 9.000 tonn möguleg í Reyðarfirði. Heildarframleiðsla eldis í fjörðunum takmarkast svo að öðru leyti af burðarþolsmati, s.s. fyrir aðrar tegundir eða ófrjóan eldislax.

Ljóst er að áhættumat erfðablöndunar hefur áhrif á áform umsækjenda um starfsleyfi og rekstrarleyfi í Fáskrúðsfirði og einnig Reyðarfirði þar sem matið er sameiginlegt fyrir firðina tvo. Leyfisveitendur geta því ekki gefið út þau leyfi sem sótt hefur verið um án breytinga á umfangi. Einnig eru leyfisveitendur bundnir af fullnægjandi/endanlegum umsóknum um starfsleyfi og álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum. Við útgáfu starfsleyfis Umhverfisstofnunar hefur verið tekið tillit til bæði áhættumats Hafrannsóknastofnunar og burðarþols. Ákveðið var að fylgja áhættumati Hafrannsóknastofnunar eftir samráð við Matvælastofnun. Í álit Skipulagsstofnunar kemur fram að stofnunin telji að leggja eigi niðurstöður áhættumatsins til grundvallar ákvörðunum við leyfisveitingar til sjókvíaeldis á frjóum laxi. Með því telja stofnanirnar að verið sé að stuðla að ábyrgu fiskeldi og tryggja verndun villtra fiskistofna ásamt því að draga úr áhrifum almennt á lífríkið. Ennfremur má vísa til varúðarsjónarmiða og að

grundvöllur ákvarðanatöku byggist á vísindalegum grunni. Rekstraraðili hefur lagt fram nánari eldisáætlanir vegna aðgreiningar á frjóum og ófrjóum laxi og teljast þær fullnægjandi.

Ástand sjávar og botndýralíf

Umhverfisstofnun telur að með því að takmarka lífmassa eldis við burðarþolsmat Hafrannsóknastofnunar að áhrif á ástand sjávar tryggi að áhrif séu lágmörkuð og afturkræf, en jafnframt getur eftirlitsaðili brugðist við muni ástand hnigna skv. vöktun svæðisins. Áhrif vegna súrefnisinnihalds eru svæðisbundin og afturkræf og hvíld svæða og straumar tryggja stöðugleika svæðis. Fylgst er með þessum þáttum skv. vöktunaráætlun sbr. ISO staðla. Einnig má benda á að áhættumat erfðablöndunar sem er ætlað að sporna gegn erfðablöndun við villtan lax sé takmarkandi þáttur í umhverfisáhrifum mengunar og lífræns álags í eldinu til viðbótar við burðarþolsmatið. Rekstraraðili sótti um að leyfi fyrir Fáskrúðsfjörð og Berufjörð væru í einu leyfi. Umhverfisstofnun gat ekki fallist á þann valkost þar sem um tvo mjög ólíka firði er að ræða og mismunandi umhverfisaðstæður. Gefin verða út tvö leyfi fyrir fyrir firðina og mun Matvælastofnun einnig hafa þann háttinn á.

Þá verða áhrif á botndýralíf talin afturkræf ef eldi skyldi hætt eða það fært um stað, einnig þar sem vöktun fer fram skv. ISO stöðlum. Þá er mikilvægt að svæði séu hvíld eins og ákvæði starfsleyfis gera ráð fyrir og heimild Umhverfisstofnunar til að fresta eða takmarka útsetningu sé um að ræða óhagstæðar aðstæður í náttúrunni á svæðinu. Þá er einnig mælt fyrir um að vöktun skuli vera á öðru dýralífi, einkum fugla. Mikilvægt er að benda á að Umhverfisstofnun getur ávallt krafist þess að vöktunaráætlun sé endurskoðuð og uppfærð komi fram þættir sem taldir eru mikilvægir til vöktunar. Í því samhengi er rétt að minnst á gæðabætti vegna flokkunar vatnshlota sbr. lög nr. 36/2011 um stjórn vatnamála sem eru í vinnslu hjá Umhverfisstofnun og tengjast innleiðingu vatnatilskipunar Evrópusambandsins. Mun stofnunin, eins og ákvæði starfsleyfis um vöktunaráætlun mælir fyrir um, gera kröfu um að þeir þættir verði hluti af vöktunaráætlunum þegar þar að kemur.

Að mati Umhverfisstofnunar er tekið með fullnægjandi hætti á mengunarþáttum í starfsleyfi og þeim fylgt eftir með hefðbundnu eftirliti Umhverfisstofnunar sem og með vöktun samkvæmt ISO stöðlum ásamt vöktunaráætlun rekstraraðila. Með vöktun samkvæmt samþykktri vöktunaráætlun sem þarf að fylgja ISO stöðlum ásamt hvíld svæða og þeim ákvæðum þar sem hægt er að m.a. stöðva útsetningu seiða bendi niðurstöður vöktunar til neikvæðrar þróunar eftir hvíld, telur Umhverfisstofnun að áhrif eldisins séu lágmörkuð með tilliti til þeirrar mengunar sem verður ásamt því að lágmarka þau áhrif sem eldið hefur á svæðið til lengri tíma.

Fisksjúkdómar, laxalús og erfðablöndun

Að mati Umhverfisstofnunar hefur verið gerð grein fyrir áhrifum umræddra þátta sem teljast í áliti Skipulagsstofnunar vera nokkuð neikvæðir. Samkvæmt upplýsingum sem Umhverfisstofnun hefur frá Matvælastofnun þá mun hætta á smitsjúkdómum aðallega liggja í smiti milli eldisfiska en ekki í villta fiskistofna á svæðinu og ekki verið sýnt fram á annað. Áhrif laxalúsar hafa verið metin nokkuð neikvæð og nauðsynlegt að fylgjast vel með því. Laxalús er tilkynningaskyld til Matvælastofnunar og er þannig metið í hverju tilfelli fyrir sig hvernig brugðist er við. Ef notast á við lyf ber ávallt að skoða samverkandi umhverfisþætti sem geta haft áhrif á dreifingu, niðurbrot og þynningu. Rekstrarleyfi Matvælastofnunar nær til þessara þátta þar sem lögð hefur verið fram viðbragðsáætlun og mótvægisáðgerðir og samþykkt af stofnuninni.

Starfs- og rekstarleyfi eru gefin út á grundvelli áhættumats Hafrannsóknastofnunar um erfðablöndun og er sú áhætta sem af eldinu stafar lágörkuð. Ákvæði í leyfum varðandi þennan þátt er með þeim hætti að hægt er að endurskoða þau verði breytingar á áhættumatinu.

Aðrir þættir

Fjallað hefur verið um áhrif á fiskveiðar á eldissvæðum í mati á umhverfisáhrifum þar sem áhrifin eru almennt talin óljós en líklega jákvæð þar sem þau laða að nytjastofna sem gætu því aukið veiði á svæðinu. Engar þekktar minjar eru á svæðinu en kannað verður með þær þegar kvíafestingar verða settar niður og Minjastofnun gert viðvart ef slíkt finnst. Um samlegðaráhrif við annað fyrirhugað eldi í Fáskrúðsfirði bendir stofnunin á að við útgáfu annarra leyfa til framtíðar verður burðarþolsmat og áhættumat Hafrannsóknastofnunar takmarkandi þáttur eins og á öðrum sjókvíaeldissvæðum við landið.

Umhverfisstofnun hefur áður í matsferlinu metið það svo að áhrif eldisaukningar á fuglalíf eru óviss. Þessi óvissa kallar á að fuglalíf sé vaktað á svæðinu. Vöktun á fuglalífi er í gr. 5.1 í starfsleyfi og verður gerð krafa á útfærslu á því í vöktunaráætlun rekstraraðila sem eftirlitsaðili stofnunarinnar samþykkir.

Áhrif eldisins eru talin neikvæð vegna ásýndarbreytingar og upplifunar ferðamanna og útivistarfólks á framkvæmdasvæðinu. Að mati Umhverfisstofnunar eru áhrif framkvæmdarinnar afturkræf hvað varðar ásýnd og upplifun ef eldinu verður hætt. Samfélagsleg áhrif eldisins eru hinsvegar talin vera jákvæð fyrir svæðið þar sem það eykur atvinnumöguleika á svæðinu.

Fiskeldi Austfjarða hf. lagði fram tvo valkosti vegna staðsetninga eldissvæða í Fáskrúðsfirði, þar sem valkostur a myndi hafa meiri áhrif á siglingar um fjörðinn en valkostur b vegna þess að valkostur b nær lengra út í fjörðinn miðjan. Útfærslan er þannig að innan valkostar b þarf allur eldisbúnaður að vera ofansjávar en botnfestingar þurfa að rúmast innan valkostar a. Umhverfisstofnun fór yfir álit um mat á umhverfisáhrifum í samvinnu við Matvælastofnun, einkum þau atriði sem sneru að útgáfu starfsleyfisins og atriði sem sneru að leyfisveitendum almennt, m.a. sem áhrifum á siglingaleiðir vegna valkosta en samráð var haft við sveitarfélag og Landhelgisgæslu um það atriði.

Um viðbótarupplýsingar

Fiskeldi Austfjarða hf. skilaði viðbótargreinargerð til Umhverfisstofnunar um þá þætti sem stofnunin taldi að fjalla þyrfti um með ítarlegri hætti. Umhverfisstofnun yfirfór viðbótargreinargerðina og taldi hana lýsa með fullnægjandi hætti þeim atriðum sem vörpuðu frekara ljósi á umhverfisáhrif framkvæmdarinnar, þ.m.t. um núllkost. Ennfremur óskaði Umhverfisstofnun eftir umsögn Skipulagsstofnunar um viðbótargreinargerðina sem taldi að umfjöllun um valkosti væri fullnægjandi og taldi ekki ástæðu til að gefa út nýtt álit um mat á umhverfisáhrifum.

Telur Umhverfisstofnun að þeir kostir sem framkvæmdaaðili setti fram sem aðalvalkost séu raunhæfir m.t.t. annarra valkosta sem nefndir eru í umhverfismatinu. Þá ber að geta þess að sjókvíaeldi í lokuðum kvíum er kostur sem ekki hefur reynt mikið á og er í raun á tilraunastigi. Einnig er lítil reynsla komin á eldi á geldfiski en Fiskeldi Austfjarða hf. ætlar að viðhafa slíkt eldi í Fáskrúðsfirði að hluta. Valkostur um landeldi er í raun eðlisólík framkvæmd og myndi krefjast mikils landssvæðis og umhverfisáhrifa á öðrum stað, einkum vegna fráveitu, vatnstöku og orkuþörf. Fallist hefur verið á valkosti sem framkvæmdaraðili hefur sótt um.

Niðurstaða

Umhverfisstofnun hefur eftir ítarlega yfirferð og í samræmi við málsmeðferðarreglur tekið ákvörðun um útgáfu starfsleyfis, sbr. umsókn rekstraraðila um starfsleyfi og fullnægjandi mati á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar, með þeim skilyrðum og takmörkunum sem koma fram í starfsleyfinu. Unnið hefur verið með Matvælastofnun að samræmingu við leyfisútgáfu rekstrarleyfis en leyfin eru afhent rekstraraðila samtímis.

3. Athugasemdir sem bárust á auglýsingatíma vegna starfsleyfistillögunnar og viðbrögð Umhverfisstofnunar:

Umhverfisstofnun bárust tvær umsagnir á auglýsingatíma. Umsagnirnar voru annars vegar frá Lands sambandi veiðifélaga og hins vegar Óttari Yngvasyni f.h. Náttúruverndarsamtaka Íslands, Náttúruverndarfélagssins Laxinn lífi, Veiðifélags Breiðdæla, Veiðifélags Hofsár og Sunnudalsár, Veiðifélags Selár og Veiðifélags Vesturdalsár. Ein umsögn vegna framkvæmdarinnar barst til Matvælastofnunar og einnig barst athugasemd nokkru eftir að opinberum auglýsingatíma lauk frá Löxum fiskeldi ehf. Var því erindi svarað sérstaklega með bréfi.

Hér á eftir fylgir útdráttur úr umsögnum aðilanna og viðbrögð Umhverfisstofnunar við þeim athugasemdum sem þar koma fram.

Landsamband veiðifélaga (LV) sendi inn athugasemdir þann 18. janúar 2019.

- *LV mótmælir útgáfu sameiginlegs starfsleyfis vegna eldis á frjóum og ófrjóum laxi þar sem í drögum að breytingu á lögum um fiskeldi sé gert ráð fyrir að slík leyfi séu aðskilin. Við slíkar aðstæður geti rekstraraðili freistast til að ala meira af frjóum laxi en heimild er til. Blöndun á heimildum sé til þess fallin að gera eftirlit erfiðara.*
- Umhverfisstofnun bendir á að í lögum um fiskeldi er ekki krafa um að skipting sé á milli leyfa frjós og ófrjós lax. Fyrirkomulagið er í samræmi við leyfisveitingu Matvælastofnunar. Rekstraraðili þarf heimild frá Matvælastofnun til útsetningar seiða og því er hægt að fylgjast með magni af frjóum og ófrjóum fiski í eldi rekstraraðila. Frjór og ófrjór fiskur verður aðskilinn í eldinu og því fylgt eftir í eftirliti að svo sé.
- *LV gerir athugasemd við að Fiskeldi Austfjarða hf. hafi fengið áminningu frá Umhverfisstofnun um misræmi í Grænu bókaldi rekstraraðilans og því sé ekki hægt að bera fullt traust til hans. Í því ljósi þurfi að skoða hvort það þurfi að gera heildarúttekt á innra eftirliti og verklagi rekstraraðila áður en leyfi sé veitt.*
- Athugasemd er gerð varðandi áminningu sem rekstraraðili hefur fengið í eftirliti. Leyst hefur verið úr málinu í hefðbundinni eftirfylgni stofnunarinnar.

Óttar Yngvason sendi inn athugasemdir þann 18. janúar 2019.

- *Óttar Yngvason fer fram á frávísun á umsókn um starfsleyfi þar sem umhverfismatskýrsla var sameiginleg fyrir framkvæmdasvæði í Berufirði annars vegar og Fáskrúðsfirði hins vegar. Einnig að*

ekki hafi verið veittur andmælafræstur vegna viðbótargreinargerðar um valkosti. Til vara er gerð krafa um að útgáfu verði hafnað á sama grundvelli.

- Umhverfisstofnun fær ekki séð að það bindi hendur leyfisveitenda við útgáfu leyfa að í matsskýrslu og álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum sé fjallað um fyrirhugað eldi í Berufirði annars vegar og Fáskrúðsfirði hins vegar í einni skýrslu þar sem nægjanlegur greinarmunur er gerður á mismunandi umhverfisáhrifum í hvorum firði fyrir sig. Leyfisveitendur hafa ákveðið að gefa út leyfi fyrir hvern fjörð fyrir sig enda að mati leyfisveitenda mikilvægt þar sem umhverfisaðstæður eru mismunandi milli fjarða. Jafnframt er eftirlit og eftirfylgni með starfsleyfi mun skilvirkara. Á þessum grundvelli var það ákvörðun Umhverfisstofnunar sem og Matvælastofnunar að gefin yrðu út tvö leyfi. Engin rök eru að mati Umhverfisstofnunar til þess að vísa frá umsókn á þessum grundvelli.

Viðbótargreinargerð vegna tiltekinna þátta sem fjallað var um í mati á umhverfisáhrifum var auglýst með öðrum gögnum málsins opinberlega á vefsíðu stofnunarinnar um leið og tillaga að starfsleyfi var auglýst og óskað eftir athugasemdum. Er sú málsmeðferð í samræmi við m.a. minnisblað Skipulagsstofnunar frá 30.09.2018 sem og niðurstöðu úrskurðarnefndar frá 4. október 2018.

- *Óttar Yngvason gerir athugasemdir við að verið sé að gefa út leyfi fyrir norskum stofni þar sem stökulaxar séu nýtt „minkaslys“ fyrir íslenska náttúru.*
- Umhverfisstofnun gefur út starfsleyfi til eldis á frjóum og ófrjóum laxi sem koma frá innlendum seiðastöðum. Ef um væri að ræða innflutning á lifandi framandi lífverum yrði að sækja um leyfi Umhverfisstofnunar sbr. 63. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Ekki er um að ræða slíkan innflutning í þessu tilviki. Um er að ræða sérstaka leyfisveitingu sem rekstraraðili þyrfti að afla sér og hefur ekki bein áhrif á það starfsleyfi sem hér um ræðir og varðar mengunarvarnir við eldið.
- *Óttar Yngvason vísar í áður innsendar athugasemdir sem koma fram í frummatskýrslu rekstraraðila. Þar er einnig vísað í umsögn Umhverfisstofnunar sem taldi að framkvæmdin muni hafa talsvert neikvæð áhrif. Gerir hann jafnframt ýmsar athugasemdir er varða umhverfismatið.*
- Mat á umhverfisáhrifum er grundvöllur fyrir útgáfu starfsleyfa. Skal leyfisveitandi taka afstöðu til þátta matsins og leyfið almennt skal vera í samræmi við umhverfismatið. Einnig er leyfisveitanda heimilt að óska frekari upplýsinga frá umsækjanda/rekstraraðila áður en tekin er ákvörðun um útgáfu leyfis. Umhverfisstofnun telur að útgefið leyfi sé í samræmi við niðurstöðu mats á umhverfisáhrifum einnig þar sem viðbótarupplýsinga var aflað fyrir útgáfu leyfisins, einkum um valkosti, samanber jafnframt ofangreindar upplýsingar þar sem farið er yfir helstu umhverfisþætti matsins og úrvinnslu Umhverfisstofnunar.
- *Óttar Yngvason gerir athugasemdir við eldissvæði í Fáskrúðsfirði þar sem fjarlægð milli þeirra er undir löglegum mörkum samkvæmt reglugerð 105/2000.*

- Reglugerð nr. 55/2019 um (2.) breytingu á reglugerð nr. 105/2000, um flutning og sleppingar laxfiska og varnir gegn fisksjúkdómum og blöndun laxastofna felldi niður 2. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar um tiltekin fjarlægðarmörk. Jafnvel þótt ákvæðið væri enn í gildi þá væri staðsetning eldisins ekki í andstöðu við ákvæðið og viðkomandi fjarlægðarmörk.
Umhverfisstofnun óskaði eftir upplýsingum frá Matvælastofnun um hvort stofnunin teldi að 4. gr. reglugerðar um fiskeldi ætti við hvað varðar fjarlægðarmörk milli sjókvíaeldisstöðva ótengdra aðila, sbr. starfsleyfi Þorskeldis ehf. sem hefur leyfi til 27. maí 2020 en virðist þó ekki vera með starfsemi. Samkvæmt upplýsingum frá Matvælastofnun eru meira en 5 km á milli svæðanna.
- *Óttar Yngvason bendir á að álit Skipulagsstofnunar sé neikvætt m.t.t súrefnisþurrðar, sjúkdóma, laxalúsar, strokulaxa og ásyndar. Einnig er bent á að í mati Skipulagsstofnunar komi fram að takmarka beri eldi á frjóum laxi við lítið magn í fyrstu þangað til reynsla er komið á það.*
- Skipulagsstofnun telur að matsskýrslan uppfylli skilyrði laga og reglugerðar um mat á umhverfisáhrifum og að umhverfisáhrifum hafi verið lýst á fullnægjandi hátt. Skipulagsstofnun setur svo fram í niðurstöðum atriði sem stofnunin telur að þurfi að kveða á um í starfsleyfi, m.a. um vöktun á súrefnisstyrk, vöktun á næringarefnum, uppsöfnun lífræns úrgangs, viðmið um ástand botnsdýralífs og um hvíldartíma. Skipulagsstofnun telur að á eldissvæðum geti áhrif á súrefnisinnihald við botn, vegna úrgangs frá eldinu orðið nokkuð neikvæð á takmörkuðu svæði undir eldiskvíum. Áhrif verði staðbundin og nái ekki yfir umfangsmikið svæði. Með hvíld eldissvæða er líklegt að áhrifin verði afturkræf. Umhverfisstofnun hefur farið yfir framangreind atriði og telur að hún hafi nægjanlegar heimildir í starfsleyfi til að takast á við ofangreind atriði sem heyra undir ábyrgðarsvið stofnunarinnar. Með vöktunaráætlun sem Umhverfisstofnun þarf að samþykkja þar sem gerð er krafa um vöktun samkvæmt stöðlum ISO 12878 og 19493 verður fylgst með ástandi og hægt verði að bregðast við neikvæðri þróun bendi aðstæður til þess.

Fjarðabyggð sendi inn umsögn til Matvælastofnunar.

- *Fjarðabyggð sendi inn umsögn þar sem fram kom að eldissvæði að Eyri/Fögrueyri nái inn á svæði þar sem friðlýst æðarvarp er. Samkvæmt friðlýsingu má ekki leggja net nær friðlýstu æðarvarpi en 250 m frá stórstraumsfjöru.*
- Fiskeldi Austfjarða hf. hefur breytt kvíastæðum innan eldissvæðis sem um ræðir þannig fjarlægð í kvíastæðu er utan marka sem fjallað er um.

4. Breytingar frá auglýstri tillögu

Umhverfisstofnun hefur gert breytingar á áður auglýstu starfsleyfi sem snúa að lagfæringum á hnitum vegna staðsetninga kvía og bætt inn ákvæði varðandi leyfi vegna notkunar á ófrjóum fiski. Einnig hefur verið sett inn ákvæði vegna vöktunar fugla í grein 5.1 og sem kallar á breytingu á vöktunaráætlun rekstraraðila.

5. Gildistaka

Stofnunin hefur nú tekið ákvörðun um útgáfu starfsleyfis fyrir rekstraraðila til að framleiða allt að 11.000 tonn á ári af laxi.

Starfsleyfið byggist á skilyrðum á grundvelli reglugerðar nr. 550/2018, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, sem sett er með stoð í 5. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, sbr. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998.

Starfsleyfið öðlast gildi við afhendingu Matvælastofnunar til rekstraraðila og gildir til 19. mars 2035.

Umhverfisstofnun sendir Matvælastofnun starfsleyfið eftir ákvörðun um útgáfu sbr. 4 gr. a laga nr. 71/2008 um fiskeldi og skal afhent og birt umsækjanda.